

REGLUGERÐ

um styrki eða lán til verkfæra- og tækjakaupa skv. 2. tl. 19. gr. laga
nr. 41/1983 um málefni fatlaðra.

1. gr.

Reglugerð þessi miðar að því að auðvelda fötluðum að skapa sér atvinnu.

2. gr.

Heimilt er að veita fötluðum 18 ára og eldri styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og aðra fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi. Svæðisstjórn veitir ráðgjöf og upplýsingar þar að lútandi eftir því sem þörf er á.

Með fötluðum er í reglugerð þessari átt við þá sem notið hafa endurhæfingar á vegum aðila, er svæðisstjórn viðurkennir.

Með sjálfstæðri starfsemi er átt við starfsemi sem miðar að því að skapa viðkomandi umsækjanda atvinnu.

3. gr.

Umsókn um styrk eða lán sendist svæðisstjórn á þar til gerðum eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur útbúa ásamt rekstraráætlun, þar sem gerð er grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi og hvernig undirbúningi hennar hafi verið háttað. Með umsókn fylgi læknisvottorð þar sem fram komi, m. a. hverjar horfur séu á því að hinn fatlaði sé fær um að stunda fyrirhugaða starfsemi.

Ef starfsemi er þegar hafin, skulu lagðar fram upplýsingar um hana, einnig rekstrarreikningur, ef unnt er.

4. gr.

Svæðisstjórn sendir umsóknina ásamt fylgiskjöllum, skv. 3. gr. til félagsmálaráðuneytis ásamt rökstuddri tillögu, þ. á m. um það hvort um styrk eða lán skuli vera að ræða.

Heimilt er félagsmálaráðuneyti að fara fram á, að svæðisstjórn láti kanna hverjir séu rekstrarmöguleikar fyrirhugaðrar starfsemi, sé þess talin þörf.

Félagsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um hvort umsókn fullnægi skilyrðum reglugerðar þessarar. Ráðuneytið eða lifeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins annast greiðslu samkvæmt nánara samkomulagi milli þeirra aðila.

5. gr.

Félagsmálaráðuneyti tekur ákvörðun um vexti af lánum og gildir sú ákvörðun til eins árs í senn. Við þá ákvörðun skal höfð hliðsjón af þeim vöxtum, sem tryggingaráð, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, ákvarðar hverju sinni vegna lána til bifreiðakaupa örorkulífeyrisþega.

Félagsmálaráðuneyti ákvarðar lánstíma með hliðsjón af fjárhæð láns og aðstæðum lánþega hverju sinni.

Árleg endurgreiðsla láns skal ekki vera hærri en 1/10 hluti af því, sem ársgreiðsla örorkulífeyris og tekjutryggingar samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, nemur á því sama ári.

Meðan lán er ekki að fullu endurgreitt, skal lánþegi senda árlega greinargerð eða rekstrarreikning til svæðisstjórnar eða aðrar upplýsingar um reksturinn, t. d. með skattframtali, þar til lán er að fullu greitt.

6. gr.

Svæðisstjórn skal fylgjast með því, að fé það sem veitt er samkvæmt reglugerð þessari, komi að tilætluðum notum.

7. gr.

Rísi ágreiningur um lán eða styrkveitingar eða endurgreiðslu lána sker stjórnarnefnd úr um, en skjóta má úrskurði hennar til ráðherra.

Reglugerð þessi er sett samkv. 2. tl. 19. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1986.

Alexander Stefánsson.

Margrét Margeirsdóttir.

REGLUGERÐ

um röntgentækna.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem röntgentæknir hér á landi og kalla sig röntgentækni hefir sá einn, sem til þess hefir leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. grein má aðeins veita þeim, sem lokið hefir prófi í röntgentækni frá Tækniskóla Íslands. Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið var stundað. Áður en leyfið er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal leita umsagnar landlæknis og Röntgentæknafélags Íslands.

3. gr.

Óheimilt er að ráða til röntgentæknastarfa aðra en röntgentækna og röntgenjúkrunarfræðinga.

4. gr.

Röntgentæknir framkvæmir röntgenrannsóknir og aðrar rannsóknir á fólki með myndgerðartækni samkvæmt fyrirætlum og á ábyrgð læknis.

5. gr.

Röntgentækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt hann láti af störfum.

6. gr.

Röntgentækni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar í starfi.